



Fundargerð – 564. stjórnarfundur Kölku

Fundur í stjórn Kölku sorpeyðingarstöðvar sf. var haldinn þriðjudaginn 10. desember kl. 16:30 í fundarsal Kölku.

Mættir: Önundur Jónasson, Ingþór Guðmundsson, Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, Svavar Grétarsson, Eiður Ævarsson og Steinþór Þórðarson.

Aðrir gestir: Halldór Eiríksson (starfsmaður Kölku), og Bergný Jóna Sævarsdóttir, Elín R. Guðnadóttir, Halldór Karl Hermannsson og Magnús Stefánsson (hópur á vegum Kadeco)

Dagskrá:

1. Gjaldskrá og skipting milli sveitarfélaga
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
3. Finnlandsferð - helstu atriði
4. Kynning frá Kadeco um skipulag í Helguvík - Bergvík
5. Önnur mál.

1. Gjaldskrá og skipting milli sveitarfélaga

Halldór fór yfir gjaldskrána og skiptingu milli sveitarfélaga, en skiptingin er hlutfallslega niður á Reykjanesbæ, Sveitarfélagið Voga og Suðurnesjabæ eftir sorphirðu og sorpeyðingu. Það er 4,6% hækkun á mánaðargjaldi í heild. Halldór fór næst yfir almennu gjaldskrána, en gert er ráð fyrir 5% hækkun. Ekki er gert ráð fyrir breytingum á gjaldi fyrir einstaklinga sem koma á planið. Stjórn samþykkti tillögur Halldórs. Stjórn ákvað að leggja ekki gjald á blandaðan heimilisúrgang sem kemur frá heimilum hérna á planið að svo stöddu. En ákveðið var að kanna þetta betur og taka mögulega upp síðar.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjórinn fór yfir helstu atriði í rekstrinum frá síðasta stjórnarfundum. Framkvæmdastjórinn fór m.a. yfir öryggis- og starfsmannamál, brennsluna í nóvember, efnismál, cat 1 úrgangur, undirbúningsfélag sorporkustöðvar og úrskurð ESA vegna Sorpu.

3. Finnlandsferð - helstu atriði

Framkvæmdastjórinn fór yfir vettvangsferð í sorporkustöðvar í Finnlandi. Framkvæmdastjórinn fór m.a. yfir tilgang og markmið ferðar, sorporkustöðvar í Finnlandi, starfssvæði Tammervoima og Lounavoima stöðvanna og það sem lærðist í ferðinni.

4. Kynning frá Kadeco um skipulag í Helguvík - Bergvík

Fjöggurra manna hópur á vegum Kadeco kom inn á stjórnarfund og fór yfir kynningu um skipulag í Helguvík - Bergvík.

5. Önnur mál.

Engin önnur mál voru á dagskrá.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18:40
Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 14. janúar 2025

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.

Önundur Jónasson

Svarar Grétarsson

Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson

Steinþór Þórðarson